

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 16. mars 2022 í máli nr. 45/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 5. apríl 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um kaup og uppsetningu á handriði við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á hluta þeirrar fjárhæðar sem greidd var til varnaraðila vegna galla á hinu keypta. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 13. apríl 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust þann 25. maí 2021. Athugasemdir við andsvör varnaraðila bárust frá sóknaraðila þann 15. júní 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara varnaraðila og athugasemda sóknaraðila, afrit af reikningi frá varnaraðila og ljósmyndir sóknaraðila af stigahandriði.

Með bréfi, dags. 1. júlí 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að aðilar máls gerðu með sér munnlegan samning í október 2020 um smíði og uppsetningu stigahandriðs í fasteign sóknaraðila að Z. Að sögn sóknaraðila hafi aðilum samist svo um að varnaraðili myndi skila af sér verkinu í áföngum og ljúka í fyrstu við smíði og uppsetningu á stigahandriði á þriðju hæð hússins fyrir 24. desember 2020. Af gögnum málsins má ráða að varnaraðili gaf sóknaraðila ekki fast tilboð í verkið en sendi sóknaraðila tölvupóst þann 14. nóvember 2020 með verðhugmynd sinni. Varnaraðili segir þar: „*Venjulega mundi þetta kosta hjá okkur um 65-70000 kr per meter og ef við værum að tala um 12 m væri það þá 780-840000*“. Í tölvupóstinum var einnig tiltekið að stór hluti af kostnaði vegna verksins væri vegna uppsetningar á stigahandriðinu fremur en smíði á því sjálfu. Varnaraðili sendi sóknaraðila reikning að fjárhæð 200.000 krónur í lok nóvembermánaðar 2020. Í reikningnum er tilgreint að um sé að ræða framvindureikning vegna efniskaupa og smíði og er ágreiningslaust að sóknaraðili greiddi hann í gegnum heimabanka 1. desember 2020.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa haft samband við sig þann 22. desember 2020 og upplýst hana um að stigahandrið vegna þriðju hæðar hússins hafi verið smíðað og tilbúið til uppsetningar. Varnaraðili upplýsti sóknaraðila jafnframt um að mistök hefðu verið gerð við lökkun á stigahandriðinu og yrði handriðið sett upp þá þegar yrði að taka það niður síðar til lagfæringar. Sóknaraðili taldi sig ekki geta fallist á það og ekkert varð

af uppsetningu á handriðinu í desember 2020. Sóknaraðili kveðst hafa ítrekað reynt að ná sambandi við varnaraðila í janúar og febrúar 2021 en án árangurs.

Í marsmánuði 2021 hafi aðilar náð saman og setti varnaraðili upp stigahandrið á þriðju hæð í fasteign sóknaraðila sem að hans sögn hafði þá verið lagfært, til bráðabirgða. Eftir uppsetningu þess hafi sóknaraðili gert athugasemdir varðandi frágang við suðu og lökkun á stigahandriðinu við varnaraðila. Varnaraðili hafi ekki talið neitt athugavert við fráganginn. Sóknaraðili óskaði fljótlega í kjölfarið eftir því að varnaraðili endurgreiddi sér 150.000 krónur en líta verður svo á að sóknaraðili hafi með háttsemi sinni rift samningi aðila. Var því hafnað af hálfu varnaraðila.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili telur að það stigahandrið sem varnaraðili setti upp í fasteign hennar hafi verið haldið miklum annmörkum. Sóknaraðili hafi fengið fagmann frá annarri stálsmiðju til að meta verkið. Hafi það verið mat hans að stigahandriðið væri ónýtt og heppilegast væri að taka það niður og smíða nýtt handrið. Í ljósi framangreinds hafi sóknaraðili haft samband við varnaraðila og krafist endurgreiðslu að fjárhæð 150.000 krónur. Hafi sóknaraðili talið sanngjarnt að greiða varnaraðila 50.000 krónur fyrir verk hans enda þyrfti sóknaraðili sjálf að taka niður hið umþrætta stigahandrið með tilheyrandi kostnaði.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili ber fyrir sig í málinu að fallvörnum í stiga í fasteign sóknaraðila hafi verið verulega ábótavant. Þar af leiðandi hafi varnaraðili ákveðið við mælingu fyrir smíðina að gera ekki formlegt tilboð við sóknaraðila enda telji hann að það hefði getað fært ábyrgð fyrri verka yfir á varnaraðila. Því hafi varnaraðili þess í stað gefið sóknaraðila óformlegt viðmiðunarverð í verkið og talið brýnt að koma fallvörnum fyrir í þeirri röð þar sem hann hafi talið hættuna mesta. Varnaraðili byggir á því að þegar hann taki að sér verk af þessu tagi sé vani að senda kaupanda framvindureikning fyrir því efni sem notað skuli til verksins. Þegar sá reikningur sé greiddur sé efnið sagað í lengdir og samsetning þess hefjist. Í ljósi þess að fallvarnir í stigahúsi sóknaraðila voru engar hafi það verið faglegt mat varnaraðila að smíða stigahandriðið í áföngum og leggja áherslu á að ljúka við smíði á handriði fyrir þriðju hæð fasteignarinnar. Að sögn varnaraðila hafi minniháttar galli komið fram við lökkun á því stigahandriði. Varnaraðili kveðst hafa upplýst sóknaraðila um það í símtali og boðið sóknaraðila að setja upp handriðið samt sem áður og laga það svo síðar á verktímanum. Hafi sóknaraðili hafnað því. Varnaraðili kveðst hafa lagað lakkið til bráðabirgða og sett svo upp handriðið hjá sóknaraðila í mars 2021.

Varnaraðili byggir á því að það stigahandrið sem hann smíðaði og setti upp hjá sóknaraðila hafi staðist allar öryggiskröfur byggingarreglugerðar þó það hafi ekki staðist útlitskröfur sóknaraðila enda hafi verkið ekki verið fullklárað. Þá ber varnaraðili því við að hann hafi þegar lagt til efni og vinnu fyrir hærri fjárhæð en sá reikningur er sóknaraðili greiddi hljóðar upp á. Þá bendir varnaraðili á það að verkinu hafi langt frá því verið lokið og stigahandriðið ekki fullklárað þegar sóknaraðili rifti samningi aðila með litlum fyrirvara.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum við andsvör varnaraðila ítrekar sóknaraðili að ágreiningur aðila varði frágang á því stigahandriði er varnaraðili smíðaði og setti upp í fasteign sóknaraðila, bæði hvað varðar lökkun þess og suðu. Tilgangur verksins hafi verið að skipta út

stigahandriði sem hafi verið fyrir í rýminu fyrir nýtt. Umrætt rými í fasteigninni hafi verið lokað og óaðgengilegt öllum á meðan verkinu hafi staðið.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Viðskipti aðila fólust í smíði varnaraðila á stigahandriði og uppsetningu þess í þriggja hæða fasteign sóknaraðila að Z. Var samningur aðila munnlegur og sammæltust aðila um að verkið yrði unnið í áföngum. Af gögnum máls má ráða að varnaraðili gaf sóknaraðila ekki fast tilboð í verkið en sendi sóknaraðila tölvupóst þann 14. nóvember 2020 með verðhugmynd sinni. Varnaraðili segir þar: „*Venjulega mundi þetta kosta hjá okkur um 65-70000 kr per meter og ef við værum að tala um 12 m væri það þá 780-840000 kr*“. Í tölvupóstinum var einnig tiltekið að stór hluti af kostnaði vegna verksins væri vegna uppsetningar á stigahandriðinu fremur en smíði á því sjálfu. Hér er því um blandaðan samning að ræða um kaup á vöru og þjónustu. Varnaraðili sendi sóknaraðila reikning að fjárhæð 200.000 krónur í lok nóvembermánaðar 2020. Í reikningnum er tilgreint að um sé að ræða framvindureikning vegna efniskaupa og smíði og greiddi sóknaraðili reikninginn þann 1. desember 2020. Í andsvörum varnaraðila kemur fram að í upphafi verks er jafnan sendur framvindureikningur til kaupanda fyrir því efni sem notað skuli til þess. Ennfremur tiltekur varnaraðili að þegar sá reikningur er greiddur er efni sagað í lengdir og samsetning þess hefst. Þar sem efniskostnaður handriðsins og kostnaður við smíði þess var greiddur 1. desember 2020 má ætla að verðmæti þjónustunnar við uppsetningu stigahandriðsins er mun meiri en kostnaður við efni og smíði þess og því falla viðskiptin undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.).

Líkt og að framan greinir sömdu aðilar sömdu um að umþrætt verk yrði innt af hendi í áföngum. Þá er ágreiningslaust í málinu að mistök voru gerð við lökkun á þeim hluta handriðsins sem afhenda átti í desember 2020 og að sóknaraðili hafnaði því að handriðið yrði sett upp án þess að úr yrði bætt. Að sögn varnaraðili hafi útbótum á því verið sinnt þegar kom að uppsetningu þess í mars 2021, lakkið lagfært til bráðabirgða og síðan lakkað lauslega yfir aftur.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. þkpl. er meginreglan sú, að seljandi þjónustu ber áhættu af tjóni eða rýrnun sem verður áður en hann skilar af sér verki. Af meginreglunni leiðir að almennt hefur ekki þýðingu í kaupum þótt hlutur eða þjónusta fullnægi ekki kröfum sammings um gæði og aðra eiginleika fram að afhendingu. Slíka annmarka getur kaupandi ekki borið fyrir sig sem galla, því úr þeim getur seljandi í flestum tilvikum bætt áður en að afhendingu kemur.

Með hliðjón af framangreindu telur kærunefndin að fallast verður á það með varnaraðila að verkinu var hvorki lokið né það afhent sóknaraðila þegar hún rifti samningi aðila og krafðist endurgreiðslu á hluta þess reiknings sem hún greiddi varnaraðila 1. desember 2020. Var aðeins hluti stigahandriðsins uppsettur og lagfæring á lakki þess sögð til bráðabirgða. Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til þess að varnaraðila hafi skort vilja eða getu til þess að bæta á síðari stigum úr þeim annmörkum á útliti stigahandriðsins sem sóknaraðili taldi vera fyrir hendi. Hin selda þjónusta var því ekki haldin svo verulegum annmörkum að réttlætt gæti fyrirvaralaus riftun sóknaraðila á samningi aðilanna, sbr. 14. gr. þkpl.

Er nefndinni því ekki annað fært en að hafna kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu úr hendi varnaraðila.

V
Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson